



Reykjavík, 22. júlí 2021

R21050089

6627

bþ

Umhverfis- og skipulagssvið

### ***Gufunes - samgöngutengingar - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júlí 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 7. júlí 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi, ásamt fylgiskjöllum.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ýmsar spurningar vakna við þessar samgöngutengingar við Strandveg. Nú stendur til að lagfæra gatnamót við Strandveg/Borgaveg þar sem þau eru hættuleg fyrir þá sem þar eiga leið um. Ef bæta á meiri umferð á Strandveg með nýjum gatnamótum þá verður að huga mun betur að öryggi þeirra sem þar fara um. Mikilvægt er að tengingar þeirra sem fara eftir stígum og þurfa að þvera Strandveg verði í gegnum undirgöng eða brýr. Lítið er um almenningssamgöngur á þessu svæði, þrátt fyrir uppbyggingu í Gufunesi og fyrirheit um bíllausan lífsstíl. Þá liggur endanleg úrfærsla Sundabrautar ekki fyrir og mikilvægt að tryggja að ekki verði þrengt að endanlegu vegstæði hennar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Sporin hræða þegar kemur að skipulagsvinnu varðandi Sundabraut. Meirihlutanum er ekki treystandi. Verið er að kynna bráðabirgðatengingar frá Gufunesi upp í Grafarvog og eiga þær að vera víkjandi gagnvart Sundabraut. Enn á ný er verið að þrengja að komu Sundabrautar. Hvers vegna er rokið í þetta verkefni sem verður mjög kostnaðarsamt korter í ákvarðanir um legu Sundabrautar? Á sama tíma mætast borgarstjóri og samgönguráðherra glaðbeittir og undirrita enn eitt samkomulagið um að fara eigi í Sundabru sem borgarstjóri vill reyndar hafa í göngum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun: